

Íslenska stærðfræðafélagið

Aðalfundur 21. febrúar 2014

Skýrsla stjórnar fyrir 2013

Aðalfundur og stjórn

Síðasti aðalfundur var haldinn 31. janúar 2013. Anna Ingólfssdóttir og Jóhann Sigurðsson gengu úr stjórn félagsins en í þeirra stað voru Óskar Hafnfjörð Auðunsson og Aron Freyr Lagerberg kosin.

Í stjórn félagsins árið 2013 voru Henning Úlfarsson, formaður, Aron Freyr Lagerberg, Óskar Hafnfjörð Auðunsson, Reynir Axelsson og Úlfar Freyr Stefánsson.

Ákveðið var að félagsgjöld árið 2013 skyldu vera óbreytt 3000 kr en 1500 kr fyrir eldri borgara. Ólafur Ísleifsson var endurkjörinn skoðunarmaður reikninga og Kristín Halla Jónsdóttir til vara.

Á fundinum fengu 9 nýir félagar aðild að félaginu og voru 259 skráðir félagar á árinu.

Fundir

Eftirfarandi fundir voru haldnir á tímabilinu auk aðalfundar.

27.12. 2013. Jólafundur 2013. Helgi Tómasson, frá Háskóla Íslands, flutti hugveкju um diffur- og mismunajöfnur.

12.9. 2013. Í samstarfi við ICE-TCS¹ flutti Ovidiu Carja, frá "Alexandru Ioan Cuza" University, erindið: *Lyapunov pairs and applications*.

4.9. 2013. Thierry Monteil, frá Laboratoire Informatique Robotique Microélectronique Montpellier, flutti erindið *Presentation of Sage, a free mathematics software system*.

4.9. 2013. Thierry Monteil, frá Laboratoire Informatique Robotique Microélectronique Montpellier, flutti erindið *The asymptotic language of smooth curves*.

13.8. 2013. Gershon Wolansky, frá Technion - Israel Institute of Technology, flutti erindið: *Optimal mass transportation: Applications and a numerical algorithm*.

Ráðstefna

Ráðstefnan *Stærðfræði á Íslandi 2013* var haldin í Reykholti í Borgarfirði 12. og 13. október 2013. Þátttakendur voru samtals 49 og voru 13 fyrirlestrar fluttir um fjölbreytileg svið stærðfræðinnar.

Tekjur af ráðstefnunni námu 150 þkr og gjöld 150.812 þkr og afkoma ráðstefnunnar því neikvæð um 812 kr. Landsbankinn styrkti ráðstefnuna um 50 þkr og Arion banki um 100 þkr. Taka ber fram að grunnnemendur greiddu sjálfir 10 þkr fyrir gistingu í tvær nætur með öllu en afgangurinn af ráðstefnugjaldinu greiddist af viðeigandi skóla. Skólarnir greiddu fullan kostnað fyrir framhaldsnemendur og starfsfólk og því greiddi Raunvísindastofnun samtals 383.150 kr og Háskólinn í Reykjavík 302.628 kr en þessar upphæðir voru greiddar beint til hótelsins.

Bókaverðlaun á stúdentsprófi

Sem fyrr hefur félagið veitt verðlaun fyrir ágætan árangur í stærðfræði á stúdentsprófi. Samtals voru það 18 nýstúdentar sem félagið verðlaunaði. Vorið 2013 var verðlaunabókin „Síðasta setning Fermats“ eftir Simon Singh og hana hlutu:

¹Öndvegissetur í fræðilegri tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík

Bjarni Örn Kristinsson og Kristján Óttar Rögnvaldsson, Verzlunarskóla Íslands
 Ingvar Hjartarson og Pétur Már Gíslason, Kvennaskólanum í Reykjavík
 Sigrún Soffía Sævarsdóttir, Menntaskólanum á Laugarvatni
 Aníta Eva Viðarsdóttir og Eydís Sjöfn Kjærbo, Fjölbrautarskóla Suðurnesja
 Sara Árnadóttir, Fjölbrautaskóla Suðurlands
 Bjarki Stefánsson, Menntaskólanum við Sund
 Benedikt Blöndal, Sigurður Kári Árnason og Pétur Helgi Einarsson, Menntaskólanum í Reykjavík
 Halla Björg Sigurbórdóttir og Karl Þorláksson, Menntaskólanum við Hamrahlíð
 Sigmundur Ragnar Helgason, Menntaskólanum á Ísafirði
 Kristófer Reykjalin Þorláksson, Framhaldsskólanum á Húsavík
 Margræti Rósu Hálfðanardóttir, Flensborgarskóla
 Freyja Yeatman Ómarsdóttir, Frumgreinanámi Háskólans í Reykjavík
 Við útskrift jólin 2013 var minningarritið um Leif Ásgeirsson gefið og það hlutu eftirfarandi 7 útskriftar-
 nemar: Bergrún Ásbjörnsdóttir og Sigurjón Freyr Viktorsson, Fjölbrautarskóla Suðurnesja
 Jiahao Zhang, Menntaskólanum við Hamrahlíð
 Snorri Rafn Theodorsson, Jónas Grétar Jónasson, Hildur Rún Guðjónsdóttir og Högn Kristbjörg Knúts-
 dóttir, Flensborgarskólanum

Fjármál

Með þessari skýrslu fylgir rekstrarreikningur félagsins frá 1.1.2013 til 31.12.2013 og eru nú 543 þkr í sjóði. Hagnaður var af rekstri félagsins sem nemur 25 þkr. Þar er tekið tillit til styrks frá ríkissjóði upp á 400 þkr til alþjóðastarfs sem veittur var 2013, en fékkst ekki greiddur fyrr en 2014.

Gjöld félagsins á árinu 2013 voru 964 þkr og vega þar þyngst framlag félagsins til Mittag-Leffler stofnunarinnar og árgjöldin til IMU og EMS eða samtals 673 þkr. Innheimt félagsgjöld voru hinsvegar 459 þkr.

Félagatal og umsóknir um aðild að félaginu

Í félaginu eru nú 259 félagar.

Frá síðasta aðalfundi hafa 4 sótt um aðild að félaginu og mælir stjórn með því að aðalfundur samþykki inngöngu þeirra í félagið:

Vignir Örn Guðmundsson, BS í stærðfræði frá HR 2013
 Helga Kristín Ólafsdóttir, BS í stærðfræði frá HÍ 2013
 Sólrún Halla Einarsdóttir, BS í stærðfræði frá HÍ 2013
 Auðunn Skúta Snæbjarnarson, BS í stærðfræði frá HÍ 2013

Vefur félagsins og félagsmiðlar

Á vef félagsins www.stæ.is má finna allar helstu upplýsingar um starfsemi félagsins, eins og fundi félagsins, ráðstefnur sem hafa verið haldnar, útgáfu á vegum félagsins eins og eldri fréttabréf, félagatalið, stærðfræðikeppnirnar og vefútgáfu orðaskrárinnar.

Félagið heldur einnig úti póstlista (*Póstlisti Íslenska stærðfræðafélagsins* á groups.google.com), síðu á Fésbók (facebook.com/slenskaStaerdfraedafelagid) og síðu á Twitter (<https://twitter.com/isstaef>).

Á þessum miðlum eru fundir og aðrir viðburðir auglýstir.

Alþjóðasamskipti

Félagið er aðili að Evrópska stærðfræðifélaginu og Alþjóðasambandi stærðfræðinga (International Mathematical Union), og greiðir gjöld til þeirra. Ragnar Sigurðsson er fulltrúi félagsins í stjórn Mittag-Leffler stofnunarinnar, sem félagið styrkir með árlegu fjárframlagi, Anders Claesson er fulltrúi félagsins í ritstjórn Nordisk matematisk tidskrift og Robert Magnus situr í ritstjórn Mathematica Scandinavica sem fulltrúi Íslands. Kristín Bjarnadóttir er fulltrúi félagsins í ICMI, International Commission on Mathematical Instruction. Enn vantar einhvern í stað Ragnars Sigurðssonar í í Normat, sem er stærðfræðitímarit sem norðurlandþjóðirnar standa að.

Félagið stendur árlega að Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema ásamt Félagi raungreinakennara í framhaldsskólum og var engin undantekning á því. Framkvæmdanefnd keppinnar skipa nú þau Auðun Sæmundsson, Bjarnheiður Kristinsdóttir, Friðrik Diego, Guðbjörn Freyr Jónsson, Gunnar Freyr Stefánsson, Jóhanna Eggertsdóttir og Marteinn Þór Harðarson.

Úrslitakeppnin fyrir veturinn 2012–2013 var haldin 2. mars í húsakynnum Háskólans í Reykjavík og tóku 25 nemendur frá 5 skólum þátt í henni. Í efsta sæti var Sigurður Jens Albertsson, í öðru sæti Sigurður Kári Árnason og í þriðja sæti Tryggvi Kalman Jónsson, allir úr Menntaskólanum í Reykjavík.

Þeim 16 efstu í keppninni var boðið að taka þátt í norrænu stærðfræðikeppninni þann 8. apríl. Efstur íslensku keppendanna var Sigurður Jens Albertsson með 12 stig sem tryggðu honum 4. sætið.

Ólympíuleikarnir í stærðfræði voru haldnir 18. til 28. júlí í Santa Marta í Kólumbíu. Í lið Íslands voru valin Aðalbjörg Egilsdóttir, Ásgeir Valfells, Benedikt Blöndal, Gunnar Thor Örnólfsson, Jón Aron Lundberg og Sigurður Jens Albertsson. Dómnefndarfulltrúi var Marteinn Þór Harðarson og fararstjóri var Jóhanna Eggertsdóttir.

Forkeppnin fyrir veturinn 2013–2014 var haldin í skólunum 8. október og tóku þátt 313 nemendur úr 19 skólum (177 á neðra stigi og 136 á efra stigi). Efstir á efra stigi urðu 1. Sigurður Jens Albertsson (MR), 2. Kristján Andri Gunnarsson (MR) og 3. Gunnar Thor Örnólfsson (MR). Efstir á neðra stigi urðu 1. Hjalti Þór Ísleifsson (MR), 2. Jóhann Ólafur Sveinbjarnarson (MA) og 3. Kári Gunnarsson (MH).

Lið Íslands í Eystrasaltskeppninni í Ríga í Lettlandi 7.–11. nóvember skipuðu Garðar Andri Sigurðsson, Gunnar Thor Örnólfsson, Hjalti Þór Ísleifsson, Kristján Andri Gunnarsson og Sigurður Jens Albertsson, Liðstjórar voru Marteinn Þór Harðarson og Stefán Freyr Guðmundsson.

Tímarit og fréttabréf

Ekkert tölublað RAUST, Tímarits um raunvísindi og stærðfræði hefur komið út árið 2013. Fulltrúi félagsins í ritstjórn blaðsins er Stefán Ingi Valdimarsson.

Fyrir hönd stjórnar,

Henning Úlfarsson
formaður